

12.10.2022

Berist til íbúaráða Reykjavíkur.

### **Efni: Haftengd upplifun og útivist**

Starfshópur um haftengda upplifun og útivist óskar eftir samráði vegna greiningar á möguleikum til aukinnar útiveru í og við hafið eins og sjóböðum, gufuböðum, sjósporti og öðrum útivistarmöguleikum. Markmiðið er að auka aðgengi að strandlengju Reykjavíkur svo allir borgarbúar fái tækifæri til að búa við góða heilsu og góð lífsgæði. Í tengslum við þessa vinnu óskum við eftir hvers konar hugmyndum eða framtíðarsýn íbúa á haftengda upplifun og útivist á strandlengjunni út frá svæðinu eins og það er í dag, út frá umhverfispáttum, möguleikum og núverandi notkun.

Óskað er eftir athugasemdum íbúaráða sem fyrst en eigi síðar en 14. nóvember næstkomandi.

F.h. starfshóps  
Rebekka Guðmundsdóttir